

Borholur í Skógarstrandarhreppi (3712)



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2014/023


Október 2014

Inngangur


Í þessari greinargerð er farið yfir allar borholur í Skógarstrandarheppi. Þær eru 14 að tölu og fundust allar nema þrjár (VH-01 og VH-02 á Valshamri og LLD-01 í Litla-Langadal). Upplýsingar um holurnar eru í 1. töflu og staðsetningar sýndar á 1., 2. og 3. mynd.

1. tafla. Borholur í Skógarstrandarheppi í Dalasýslu. Stjörnumerkt er sú staðreynd að ekki er þekkt nema ein hola á Breiðabólsstað þótt heitið gefi til kynna að þær séu a.m.k. tvær.


Staðarnr.	Heiti	Lögbýli	Dýpi	Borár	N-hnit	V-hnit
33261	EB-01	Emmuberg	90	1999	65° 01.303	22° 05.490
33281	LB-01	Borgir	70	1999	65° 01.392	22° 06.771
32941	IL-01	Innraleiti	151	2004	65° 01.177	22° 10.697
32942	IL-02	Innraleiti	1020	2009	65° 01.145	22° 10.674
32943	IL-03	Innraleiti	180	2009	65° 01.148	22° 10.679
32944	IL-04	Innraleiti	1138	2010	65° 01.124	22° 10.612
33271	VF-01	Vörðufell	80	1999	65° 01.808	22° 15.106
33272	VF-02	Vörðufell	36	2010	65° 01.491	22° 14.758
32911	VH-01	Valshamar	42	1991		
32912	VH-02	Valshamar	42	1991		
33722*	BB-02	Breiðabólsstaður	120	2001	65° 02.263	22° 23.09
32961	HÁ-01	Háls	180	2009	65° 02.411	22° 29.364
32921	ÓS-01	Ós	150	2003	65° 02.016	22° 33.547
29691	LLD-01	Litli-Langidalur	103	2005		



1. mynd. Borholur í austanverðum Skógarstrandarhreppi.



2. mynd. Borholur í vestanverðum Skógarstrandarhreppi.



3. mynd. Borholur á Innraleiti.

EB-01 - Emmuberg

Borhola EB-01 á Emmubergi er um 200 m austur af bænum og ofan túns. Í holunni er vatn en hún hefir ekki verið tengd. Ástand holunnar er gott.



4. mynd. Borhola EB-01 á Emmubergi. Bæjarhúsin í baksýn.

LB-01 - Borgir

Borhola LB-01 er um 10 metra ofan við veiðihúsið sem standur á vestari árbakka Laxár. Reistur hefur verið lítill skúr yfir holuna. Í henni er dæla og vatnið nýtt í veiðihúsinu.



5. mynd. Borhola LB-01 á Borgum er í litla skúrnum. Veiðihúsið í baksýn.

IL-01 - Innraleiti


Borhola IL-01 er um 45 metra suðsuðaustur af íbúðarhúsinu. Hún er í hallandi grasflöt sem hafa verið gróðursett í. Í holunni er dæla og hún notuð fyrir neysluvatn. Holan sést illa en er í góðu ástandi.



6. mynd. Borhola IL-01 á Innraleiti. Íbúðarhúsið í baksýn.

IL-02 - Innraleiti

Borhola IL-02 er um 100 metra suðsuðaustur af íbúðarhúsinu. Henni hallar til suðurs. Holan er í góðu ástandi.



7. mynd. Borhola IL-02 á Innraleiti. Íbúðarhúsið í baksýn.



8. mynd. Borhola IL-02 á Innraleiti.

IL-03 - Innraleiti

Borhola IL-03 er 8-10 metra norðar en hola IL-02. Í henni er kalt vatn sem ekki er nýtt. Ástand holunnar er gott.



9. mynd. Borhola IL-03 á Innraleiti.

IL-04 - Innraleiti

Borhola IL-04 er um 160 metra suðaustur af íbúðarhúsinu. Í holunni er 30-35°C heitt vatn sem enn er ekki nýtt. Ástand holunnar er gott.



10. mynd. Borhola IL-04 á Innraleiti. Íbúðarhúsið í baksýn.

VF-01 - Vörðufell

Borhola VF-01 er um 30 metra norðaustan við sumarhúsið sem er á bæjarstæðinu. Holan er vestan við heimreiðina. Í henni er dæla og vatnið nýtt fyrir sumarhúsið. Ástand holunnar er gott.



11. mynd. Borhola VF-01 á Vörðufelli. Sumarhúsið í baksýn.

VF-02 - Vörðufell

Borhola VF-02 á Vörðufelli er við sumarhús sem er liðlega 620 metra suðaustan við bæjarstæðið. Sumarhúsið er norðan undir klapparás. Austan við húsið er steypþró og í henni er borholan. Í henni er dæla og vatnið nýtt fyrir sumarhúsið. Ástand holunnar er gott.



12. mynd. Borhola VF-02 á Vörðufelli. Sumarhúsið í baksýn.



13. mynd. Borhola VF-02 á Vörðufelli.

BB-02 - Breiðabólstaður

Borhola BB-02 er ofan og austan við íbúðarhúsið á bænum. Hún er í um 10 metra fjarlægð frá húsinu. Plastbrunnur er utan um holuna. Í henni er dæla og vatnið nýtt til neyslu. Ekki er vitað um aðra borholu á Breiðabólstað þótt heiti hennar bendi til annars.



14. mynd. Borhola BB-02 á Breiðabólstað. Íbúðarhúsið í baksýn.

HÁ-01 - Háls

Borhola HÁ-01 á Hálsi er norðan undir hólnum sem íbúðahúsið stendur á og í um 50 metra fjarlægð frá því. Í holunni er dæla og vatnið nýtt til neyslu. Holan er í mjög góðu ástandi.



15. mynd. Borhola HÁ-01 á Hálsi. Féðnaðarhús og hlaða í baksýn.



16. mynd. Borhola HÁ-01 á Hálsi.

ÓS-01 - ÓS

Borhola ÓS-01 á Ósi er í vestari vegkanti rétt áður en kemur að fyrstu vegamótum við bæinn. Þarna eru margir sumarhúsaðir. Í holunni er dæla og vatnið nýtt fyrir einhver húsanna. Skammt neðan við holuna er jöfnunargeymir grafinn í jörð. Ástand holunnar er þokkalegt.



17. mynd. Borhola ÓS-01 á Ósi. Íveruhús í baksýn. Á Ósi eru margir sumarhúsaðir.



17. mynd. Borhola ÓS-01 á Ósi.